

Garðabær
b.t. Gunnar Einarsson
Garðartorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	09.05.2017
Málalýðili	
Mál nr.	1705113



Efni: Kynningarfundur um gerð húsnæðisáætlana

Íbúðalánasjóður hefur á undanförunum vikum, í samstarfi við Samband Íslenskra Sveitarfélaga unnið að því að kynna gerð húsnæðisáætlana sveitarfélaga og komið með tillögu að helstu efnisatriðum sem æskilegt þykir að þær innihaldi.

Verkefni Íbúðalánasjóðs miðar að því að halda utan um gerð húsnæðisáætlana og vera sveitarfélögum til ráðgjafar. Íbúðalánasjóður hefur lagt fram tillögu að efnisyfirliti sem sveitarfélög geta stuðst við og um leið stuðlað að samræmingu húsnæðisáætlana um land allt. Hlutverk Íbúðalánasjóðs er enn fremur að safna og miðla til sveitarfélaga tölfraðilegum gögnum sem nýst geta við gerð húsnæðisáætlana.

Hlutverk húsnæðisáætlana er að draga fram mynd af því hver staða húsnæðismála er í hverju sveitarfélagi fyrir sig, greina framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum og setja fram áætlun um hvernig sveitarfélagið ætlar að mæta húsnæðisþörf heimila, bæði til skemmri og lengri tíma.

Starfsmenn Íbúðalánasjóðs hafa á undanförunum vikum ferðast um landið og kynnt gerð húsnæðisáætlunar fyrir sveitarfélögum sem hafa hug á að hefja slíka vinnu í nágrenni framtíð. Íbúðalánasjóður vill því kanna hvort áhugi sé fyrir kynningu á gerð húsnæðisáætlana og býður sveitarfélaginu að hafa samband við Íbúðalánasjóð og óska eftir slíkri kynningu.

Tengiliður sjóðsins vegna vinnslu við gerð húsnæðisáætlunar er Sigrún Ásta, verkefnisstjóri Húsnæðisáætlana og má nálgast allar frekari upplýsingar á netfanginu sigruna@ils.is.

Virðingarfyllt,

Hermann Jónasson, forstjóri